

ir sonarins er vér leiddum á glapstigu eða faðir dótturinnar er vér svívirtum. Hverjir verði sessunautar vorir þar, vitum vér ekki, en eins líklegt það verði þessir eins og hinir, er vér skriðum fyrir og kysstum á höndina á. Ekki víst vér fáum að vera þrælar sama konungs hinu megin og skipa hirðvist með honum. Því komi kyrkjan oss til hinna getur hún ekki sent alla hina til helv. oss til þægðar. Það er hægt að þægjast við ambátt drottins hér í heimi, en hún á lítinn mátt fyrir handan gröf. Hún getur skafið burt syndirnar hér, og hvítfagað klæðin, þótt klæðafaldurinn hafi nokkrum sinnum dregist ofan í. Hún getur það í sinni ágætu syndahreinsunar maskínu, sent sín öldurmenni og öldurkvendi af stað, hreingjörninganna þeytisþjöld er flestum ná úr blettunum— og láta þá „segja upp söguna aftur, söguna þá í gær.“ Segja upp söguna aftur af glataða syninum, er endi öðru vísi en saga Jesú Krists, ekki að týndi sonurinn komi heim heldur útskúfi faðirinn honum alveg, leggi stund á sína eigin betrun, arfleiði heimasoninn er trúr var sinni köllun og trúr var sinni barnatrú. Segja söguna af Júdasí aftur:

Eitt sinni var maður er hét Júdas. Hann var samhaldsamur á silfurpeninga. Þegar hann dó arfleiddi hann kyrkjuna að þeim svo hún gæti keypt fyrir þá grafreit. Hann var góður maður, Júdas, og var þetta ekki fallett.“ Segja söguna af manningum er fékk fingurmein og misti barnið sitt, af því hann gekk úr söfnuðinum!

Hreinsunin er góð, en hún nær ekki yfir um, af því hún nær ekki til karaktermanna. Hún strýkur yfir misfellur daglegs tómleika en ekki yfir misfellur karaktersins, en karakterinn illur eða góður, er það eina varanlega í manneðlinu, er hér eftir getur varað. Þekking vor á eilífðinni er þekking vor á mann-lífinu sjálfu.

Þetta vitum vér um eilífðina, og að hér á jörð er eilífð sumra hluta. Í þessari stundlegu eilífð, ef það mætti nefnast svo, er það sannleikurinn nakinn eða klæddur, er gefur ódauðleika hugsunum, stefnum, gjörðum mannanna, öllum hlutum er hér geta lifað og ríkt. Mun ekki sama lögmál ráða annarstaðar í tilverunnar heimi?